




Forsíðan

er í tilefni Listahátíðar, sem hefst í dag með opnum Picasso-sýningar á Kjarvalsstöðum. Á myndinni er sjálfsmynd eftir Picasso frá 1907. Einnig er í blaðinu grein eftir Aitor Yraola um yrkisefni Picassos, en sömu stefin koma fyrir hjá honum aftur og aftur.

Hús tónlistarinnar

er á döfni og mikið í húfi, að rétt verði að því staðið. Nú leggur orð í belg Júlíus Vífill Ingvarsson óperusöngvari og formaður Fél. ísl. einsöngvara. Hann spyr, hvort reisa eigi úrelt hús eða alhlíða, þ.e. hús fyrir alls konar tónlistarflutning, þar á meðal óperur.



Reykingar

eru kross sem margur burðast með og vildi gjarnan losna við. Til eru ýmsar aðferðir til að losna undan oki reykinga og Ásgeir R. Helgason hjá Krabbameinsfélaginu hefur skrifað grein og tekið saman ýmislegt, sem að gagni mætti koma.

Kristján Jónsson

Ástarsæla

*Þú, fagra mynd í munarheimi,
mjúkhenta snót með augu blá,
um aftangeisla öfugstreymi
englanna veröld svifin frá,
þú, sæludrauma dís hin hjarta,
daggeislum stráir lífs á ský,
og aldrei mannlegt hrærist hjarta
svo himinfögurum barmi í.*

*Hættu, dagstjarna himinskæra,
um heið að leiftra vetrarkvöld,
því auga vífsins meginmæra
er munarbirta þúsundföld.
Þú, vorsins lilja vonarhlýja,
vaknandi láttu deyja fjór.
Byrgðu þig, sól, að baki skýja,
nær bros á hennar leikur vör.*

*Ó, ef ég mætti, meyjan hjarta,
um morgunstund þér una hjá
og ástarslög þins hreina hjarta
hlýða í sælum draumi á,
þá mundi önd mín ástarhrifin
til uppheims leita, goðum lík,
og upp í þriðja hefjast hifin
af helgum elskuloga rík.*

*Og ef um kvöld í kyrrum lundi
ég kyssa mætti þína vör,
í draumasjón ég dýrri mundi
dýrðlega halda sigurför.*

Kristján Jónsson, Fjallaskáld, f. 1842, d. 1869, ólst upp á bæjum í Kelduhverfi, var lengst af á Hólsfjöllum og kennari á Vopnafirði.

R

A

B

B

Á fyrri listahátíðum okkar hefur megináherzlan verið á tónlistarviðburði og það er kannski ekki undarlegt í ljósi þess, að tengdasonur þjóðarinnar, Ashkenasy, átti mestan þátt í að hleypa hátíðinni af stokkunum. Frá fyrri listahátíðum eru einmitt minnisstæðastar heimsóknir afburðamanna á tónlistarsviði, manna eins og Rostropovits og Pavarotti.

Þótt stórstirni eins og Claudio Arrau sækir okkur nú heim ásamt Dave Brubeck-kvartettinum, Vínar-strengjakvartettinum, Doris Lessing, Katia Ricciarelli og The Shadows, verður blómíð í hnappagati Listahátíðar engu að síður Picasso-sýningin. Hennar verður beðið með mestri eftirvæntingu af þeirri einföldu ástæðu, að allir hafa heyrt um Picasso. Fæstir hafa hinsvegar séð verk hans, nema þá myndir af þeim í bókum. Ég er samt ekki bjartsýnn á að þessi sýning „geri lukku“ almennt séð — einfaldlega vegna þess að myndlistarsmekkur landans er ennþá ótrúlega frumstæður og það stafar trúlega af því, að myndmennt er alveg vanrækt í menntakerfinu.

Slíkur risi er Picasso í myndlist aldarinnar, að hann gnæfir yfir aðra og gæti verið að aldri liðu unz annar slíkur fæddist. Þá kynni einhver að spyrja: Hvað er svona merkilegt við Picasso? Í fáum orðum: Hann var bæði brautryðjandi, stórkostlegur myndlistarmaður og svo áhrifamikill á samtíð sína, að í því efni telst hann í sérflokk. Picasso var bæði marghlíða listamaður og afköst hans voru með ólíkindum. Það sem

Picasso á Listahátíð

hann lét eftir sig í skúlptúr, væri talið nægilegt ævistarf myndhöggvara. Sama má segja um öll þau fírn, sem hann lét eftir sig í grafík. Stundum vann hann í keramik, en fyrst og fremst lifir þó hróður hans sem málara. Það er samt sem áður spurning, hvort Picasso var ekki fyrst og fremst teiknari par excellence. Svo er að minnsta kosti talið í nýlegri umfjöllun um hann í þýzka listatímaritinu Art — Das Kunstmagazin. Þess vegna er Picasso maður línunnar fremur en flatarins og í málverkum hans virðist teikningin ævinlega skipta höfuðmáli.

Sömu stefin eða yrkisefni koma fyrir aftur og aftur í lífsverki Picassos; umfram allt konan, ýmiss konar efniviður úr grískri goðafræði, lýsingar á viðbjóði styrjalda, en einnig á návist dauðans í nautaatshringnum. Annars eru yrkisefnum Picassos gerð skil á öðrum stað í Lesbók, í grein Aitors Yraola, spænskukennara við Háskóla Íslands.

Minni spámenn hafa löngum reynt að læða inn þeirri hugmynd, að góð list sé óhemjulega tímafrek og hjá alvöru listamönnum hljóti afköstin þar af leiðandi að verða lítil. En það er af og frá að þessi kenning standist, þegar betur er að gáð,

og enginn afsannar hana betur en Picasso. En til þess að afsanna hana sem best, var honum gefin góð heilsa og langt líf. Hann virðist hafa verið fúlbinfarinn máleri 15 ára; gat þá málað akademískar myndir af mikilli færni — og hann gekk á fullu, þegar hann lézt skyndilega og hafði þá tvö ár um nérætt. Ferillinn spannar að minnsta kosti 65 ár og það var hvorki slegið slöku við, né heldur að hugmyndirnar létu á sér standa.

Um og eftir 1950 fóru áhrif Picassos að dala frá því sem verið hafði. Framúrstefnurnar fundu sér nýja farvegi og birtust í hreinni flatalist, sem segja má að Picasso og Braque hafi lagt grundvöllinn að með kúbismanum. Hann steig það skref aftur á móti aldrei til fulls og sneri sér að því að stílfæra mannskepnuna, því honum virðist hafa verið meira í mun að koma á framfæri frásögn en að raða saman flötum. Bretinn Francis Bacon var ef til vill áhrifamestur um skeið, eftir að Picasso var orðinn gamall, en síðan hafa tízkustefnur rekið hver aðra í stríðum straumum: Popplíst og oplíst, hugmyndalist (konsept), súper-raunsæi og ný-expressjónismi, svo eitthvað sé nefnt. Það vantar ekki, að einhverjir eru gerðir

heimsfrægir með hverri nýrri bólu fyrir mátt auglýsinga og fjölmiðla. En risar á borð við Picasso, Braque, Miro, Chagall, Dali, Beckmann, Max Ernst, Bacon og Jóhannes okkar Kjarval, virðast ekki hafa komið uppá yfirborðið með nýstefnunum þrátt fyrir auglýsingafarganið.

Svo lífseig hafa áhrifin frá Picasso verið, að þeirra hefur gætt í verkum einstakra, íslenskra listamanna framundir þetta. Ekki er það sagt þeim til hnjóðs, því þeir hafa nýtt sér þessi áhrif á persónulegan hátt. Eftir lát meistarans hljóðnaði um hann í bili og það er eðlilegt, þegar lýkur svo langri og áhrifamikilli ævi. Nú gæti verið að tími endurmat á ferli og list Picassos væri hafinn, samanber greinina sem fyrr var vitnað í, — en ekki er að sjá að slíkt endurmat leiði til annars en frekari staðfestingar á sníld listamannsins.

Það var bæði tímabært og skemmtilegt að fá slíka sýningu á Listahátíð. En það gefur augaleið, að minni salurinn á Kjarvalsstöðum rúmar aðeins slíkt brotabrot af lífsverki Picassos, að litlar líkur eru á að við sjáum hann þar í þeirri stærð, sem hann var. Áhorfendur munu án efa sakna þeirra mynda, sem margir þekkja úr bókum og hann er frægastur fyrir, vegna þess að þær eru einfaldlega á söfnum um víða veröld. Jacqueline, ekkja listamannsins á þakkir skildar fyrir að ljá máls á þessari sýningu mynda, sem hún erfði og allar eru í hennar eign.

Picassosýningin er listviðburður sem í rauninni er merkilegt að skuli eiga sér stað hér og lyftir þessari listahátíð.

GÍSLI SIGURDSSON